

Höndlun ehf.
Korngörðum 12
104 Reykjavík

Reykjavík, 9. ágúst 2019
UST201901-209/H.E.
08.12.02

Efni: Reglugundið eftirlit, 12. júní. 2019, hjá Stjörnugrís, Brautarholti (áður Höndlun).

Þann 12. júní sl. fór fram eftirlit í svínabú Stjörnugríss að Brautarholti á Kjalarnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskyrsla.

Nýr rekstrararaðili (Stjörnugrís) tók við rekstri búsins af Höndlun ehf. í byrjun árs og var færsla starfleyfis staðfest með bréfi 4. júlí sl. Í eftirlitinu voru staðfestar úrbætur vegna eldra fráviks varðandi geymslu vinnutækja á lóð.


Fjórum ábendingum var komið á framfæri í eftirlitinu og sjö ný frávik komu fram er varða:

1. Grein 9.4 í 1. kafla starfsleyfisskilyrða og reglugerð 851/2002 um grænt bókhald. Grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað fyrir rekstrarárið 2018. Rekstraraðili óskaði eftir fresti til 30. júní til að senda það inn en það hefur ekki borist stofnuninni.
2. Grein 9.4 í 1. kafla starfsleyfisskilyrða og reglugerð 990/2008 um útstremisbókhaldi. Útstremisbókhaldi hefur ekki verið skilað fyrir rekstrarárið 2018. Rekstraraðili óskaði eftir fresti til 30. júní til að senda það inn en það hefur ekki borist stofnuninni.
3. Grein 9.1 í 1. kafla starfsleyfisskilyrða. Skráningar á tæmingu á flórum, þrif á deildum, förgun, nýtingu og endurvinnslu úrgangs, magn lífræns úrgangs voru ekki aðgengilegar í vettvangsheimsókninni.
4. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Rekstraraðili skal vinna áhættumat um mögulega bráðamengun til hafs og stranda og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess. Áhættumat og viðbragðsáætlun er ekki til staðar á búinu.

5. Grein 3.2 í 1. kafla og grein 2.3 í 2. kafla starfsleyfisskilyrða. Grasfletir í næsta nágrenni voru óslegnir en skv. í næsta nágrenni skuli þeir vera snöggslegnir til að auðvelda hreinsun á svæðinu
6. Grein 4.4 í 2. kafla starfsleyfisskilyrða. Í fráveituskurðum var talsvert af setfellingum og sorpi allt frá búinu niður að útrás til sjávar. Fráveitulögn í fjarunni norðaustan við búið var ryðguð í sundur og stífluð af sjávarmöl.
7. Grein 6.9 í starfsleyfsskilyrðum. Umhverfisstofnun barst ábending þann 1. júlí sl. um dreifingu svínamykju innan fjarlægðarmarka. Rekstraraðili staðfesti að dreifing ætti sér stað og stöðvaði framkvæmdir þegar bent var á ákvæði starfsleyfisskilyrðanna um fjarlægðarmórk eða skriflegt samþykki íbúðareigenda

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasetri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 23. ágúst, 2019.

Virðingarfyllst


Halla Einarsdóttir


Einar Halldórsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stjórnugrís (áður Höndlun ehf.) Brautarholt, Kjalarnes



Dags eftirlits	12.6.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Stjórnugrís (áður Höndlun ehf.)	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Logafold 49	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	681174-0289	Flokkur	Þauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Geir G Geirsson	ÍSAT nr.	01.46 0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyri reglubundnu vettvangsheimsókn ársins í svínabú Stjórnugríss að Brautarholti (áður Höndlun ehf.).

Í vettvangsheimsókninni voru staðfestar úrbætur vegna eldra fráviks varðandi geymslu vinnutækja á lóðinni. Frávik vegna gagnaskila er enn útistandandi.

Sjo ný frávik komu fram við eftirlitið og fjórum ábendingum var komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Færsla starfsleyfis
 - a. Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
 - b. Tengiliður við Umhverfisstofnun
2. Síðasta eftirlitsskýrsla og úrbætur frávika
3. Aðgerðir til lágmörkun lyktarmengunar sbr 7. grein í starfleyfisskilyrðum
4. Skráningar sbr. 9. grein í starfsleyfisskilyrðum
5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
6. Viðbragðsáætlanir vegna mengunaróhappa/bráðamengunar hafs og stranda
 - tilkynningar vegna mengunaróhappa
7. Ástand olíugeyma – lekavarnir, árekstrarvarnir ofl.
8. Skoðunarferð

1. Færsla starfsleyfis

Stjórnugrís tók við rekstri svínabúsins í byrjun árs. Sótt hefur verið um færslu starfsleyfis til Umhverfisstofnunar. Geir Gunnar Geirsson er nýr tengiliður svínabúsins við Umhverfisstofnun og er búið rekið undir nafninu Stjórnugrís.

2. Síðasta eftirlitsskýrsla og úrbætur frávika

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi hefur ekki verið skilað fyrir árið 2017 og 2018 en rekstraraðili hefur óskað eftir fresti til loka júní nk. Í fyri vettvangsferð eftirlits 2018 komu fram tvö frávik. Annað frávikana snéri að óhreinindum í frárennslí í skurð sem benti til að hreinsun væri ekki nægjanleg frá búinu en hefur því fráviki verið lokað. Hitt frávikið snéri að ónýtum lyftara á lóð sem hefur nú verið fjarlægður og frávikuð þar með lokað.

3. Aðgerðir til lágmörkun lyktarmengunar

Rekstraraðili var minntur á ákvæði um að búið skuli uppfylla krófur BAT niðurstaðna eigi síðar en fjórum árum eftir útgáfu þeirra. BAT niðurstóður fyrir þauleldi voru gefnar út í október 2017 og ber rekstraraðila því að uppfylla krófurnar eigi síðar en í október 2021. Rekstraraðili upplýsti að endurbætur á búinu séu fyrirhugaðar á árinu m.a. til að koma til móts við krófurnar. Farið var yfir skilyrði 6. kafla varðandi dreifingu svínamyku sem og aðrað aðgerðir til að lágmarka lykt frá búinu.

4. Skráningar

Farið var yfir skráningar. Eins og áður kemur fram tók nýr aðili við rekstrinum á árinu og fylgdu skráningar frá fyri eiganda ekki með. Ekki er markvissar skráningar á tæmingu á flórum en tæmt er að jafnaði vikulega úr einni og einni deild í einu þannig að hver deild er að jafnaði tæmd á 24 vikna fresti.

Mykjunankur er ekki notaður á býlinu, þrif á deildum eru gerð samhliða útskiptingu hópa í hverri deild en ekki eru haldnar skráningar um þrifin. Somuleiðis vantaði skráningar á forgun, nýtingu og endurvinnslu úrgangs s.s. dreifingu og magn lífræns úrgangs. Ekki eru notuð íblondunarefní í flóra og mykjunaka og bæta þarf skráningar á kvortunum sem berast rekstraraðila vegna búsins. Vel er haldið utan um skráningar á heildarfjolda slátraðra dýra og upplýsingar um fjolda dýra í húsunum hverju sinni

5. Áhættumat til ákvorðunar á tíðni eftirlitsferða

Með breytingu á logum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Umhverfisstofnun hefur unnið slíkt kerfisbundið áhættumat sem var kynnt rekstraraðila í eftirlitinnu. Í lok árs hyggst umhverfisstofnun taka heildræna rýni á niðurstoður áhættumatsins og nota til ákvorðunar á tíðni eftirlitsferða frá og með árinu 2020 Nánar er greint frá áhættumatinnu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

6. Viðbragðsáætlanir vegna mengunaróhappa/bráðamengunar hafs og stranda

Rekstraraðili skal gera áhættumat á mogulegri bráðamengun sbr. log um 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og í starfsleyfisskilyrðum eru ákvæði um að eftirlitsaðili geti gert krofu um viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa. Rekstraraðila var bent á leiðbeiningar sem Samtok iðnaðarins hafa unnið við gerð slíks áhættumats. Á grundvelli áhættumatsins skal vinna viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar. Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um tilkynningar mengunaróhappa þ.m.t. bráðamengunar til viðbragðsaðila og Umhverfisstofnunar og voru þær lagðar fram í eftirlitinnu.

7. Ástand olíugeyma

Einungis er einn olíugeymir samþyggiður varaafsstóð sem er geymd innandyra. Varaafstoðin er staðsett svo ekki er hætta á árekstri við olíugeyminn.

8. Skoðunarferð

Gengið var hrингinn í kringum búið, raunskráningar á iðntolvu skoðaðar og gengið meðfram skurðum að útfalli til sjávar. Gras var óslegið í nágrenni húsanna og leifar af svínaskít sem lak frá búinu þegar dælur í hreinsivirk stífluðust í byrjun árs. Talsvert af setfellingum og óhreinindum sáust í skurðum en gengið var meðfram þeim niður að útrás til sjávar. Útrásarlognin var ryðguð í sundur og stífluð af sjávarmól.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
grein 9 4 í 1 kafla starfsleyfisskilyrða og reglugerð 851/2002 um grænt bókhald	Grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað fyrir rekstrarárið 2018 Rekstraraðili óskaði eftir fresti til 30. júní til að senda það inn en það hefur ekki borist stofnuninni
grein 9 4 í 1 kafla starfsleyfisskilyrða og reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald	Útstreymisbókhaldi hefur ekki verið skilað fyrir rekstrarárið 2018 Rekstraraðili óskaði eftir fresti til 30. júní til að senda það inn en það hefur ekki borist stofnuninni
grein 9 1 í 1 kafla starfsleyfisskilyrða	Skráningar á tæmingu á flórum, þrif á deildum, fórgun, nýtingu og endurvinnslu úrgangs, magn lífræns úrgangs voru ekki aðgengilegar í vettvangsheimsókninni
18 gr laga nr 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda	Rekstraraðili skal vinna áhættumat um mogulega bráðamengun til hafs og stranda og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess. Áhættumat og viðbragðsáætlun er ekki til staðar á búinu

Grein 3 2 í 1 kafla og grein 2 3 í 2 kafla starfsleyfisskilyrða

Grasfletir í næsta nágrenni voru óslegnir en skv í næsta nágrenni skuli þeir vera snoggslegnir til að auðvelda hreinsun á svæðinu

grein 4.4 í 2 kafla starfsleyfisskilyrða

Í fráveituskurðum var talsvert af setfellingum og sorpi allt frá búinu niður að útrás til sjávar. Fráveitulogn í fjarunni norð austan við búið var ryðguð í sundur og stífluð af sjávarmol

Grein 6 9

Umhverfisstofnun barst ábending þann 1 júlí sl um dreifingu svínamykju innan fjarlægðarmarka Rekstraraðil staðfesti að dreifing ætti sér stað og stoðvaði framkvæmdir þegar bent var á ákvæði starfsleyfisskilyrðanna um fjarlægðarmork eða skriflegt samþykki íbúðareigenda.

ÁBENDINGAR

Mykutankur er staðsettur nálægt búinu en að sogn rekstraraðila er hann ekki á forræði svínabúsins heldur eggjabúsins við hlöðina á. Bent er á að samkvæmt grein 5 2 í starfsleyfisskilyrðum skal mykutankur sem rúmar amk 3 mánaða bírgðir vera til staðar á búinu

Bilun kom upp í dælum hreinsivirkis fyrir svínamykju svo það yfirfylltist í vettvangsferðinni voru ummerki um lekann í nágrenni hauggeymslunnar

Umhverfisstofnun hafa borist 5 kvartanir frá síðustu vettvangsheimsókn sem snúa að lykt og óþrifnaði í frárennsli frá búinu

Rekstraraðili var minntur á ákvæði starfsleyfis um mælingar

skv grein 6 1 í 2 kafla starfsleyfisskilyrða magn saukólígerla í sjó á 3 stoðvum. Tíðni og staðsetningar í samráði við eftirlitsaðila

skv grein 6 2 í 2 kafla starfsleyfisskilyrða rannsóknir á efnainnihaldi ómeðhondlaðs úrgangs/mykju eftir skiljun (þurrluta)

skv grein 6 3 í 2 kafla starfsleyfisskilyrða ef þurfa þykir í viðtaka hreinsivirkis og efnainnihaldi ómeðhondlaðrar mykju (blauthluta)

Umhverfisstofnun óskar eftir niðurstöðum síðustu mælinga sem taldar eru upp hér að ofan

Reykjavík, 09 08 2019

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir

1 Frávik Framkvæmd telst ekki í samræmi við krófur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum

2 Athugasemd Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að veikja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og oryggis en sem ekki geta talist frávik